



## **Ávarpsorð til lesenda frá forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni**

Sú bók sem þú hefur í hendi flytur margþættan ávinning.

Hún fræðir um sögu lands og þjóðar, kynnir merkisstaði og einstæðar náttúruminjar.

Hún veitir innsýn í örlög Íslendinga á liðnum öldum og hvernig þjóðlíf hefur öðlast nýjan blæ á lýðveldistíma.

Hún er góður förunautur sem glæðir ferðir um landið nýrri sýn á kosti þess að vera Íslendingur.

Auk alls þessa er útgáfa bókarinnar framlag til starfseminnar á Sólheimum. Hið góða mannlíf, umönnun, uppeldi og félagsandi sem ætíð hafa einkennt starf og leik á Sólheimum munu hljóta styrk frá sérhverju eintaki bókarinnar.

Handverkshús á Sólheimum verður ánægjuleg viðbót við atvinnustarfsemi staðarins. Sólheimar hafa hlotið alþjóðlega viðurkenningu sem fyrsta sjálfbæra samfélagið á Íslandi og hið fjórtánda í röð slíkra umhverfisáfanga í veröldinni.

Við getum í senn notið fróðleiks á ferð um Ísland og lagt hinu sjálfbæra samfélagi Sólheima lið með framlagi til handverkshúss.

Með árnaðaróskum um góða ferð.